

Vesturbyggð
Ármann Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. október 2012
Tilvísun: UST20121000037/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2018. Lýsing. Umsögn

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa og forstöðumanns tæknideildar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu af tillögu um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2018.

Efni og umfang skipulagsbreytingar

Í ofangreindri breytingu felst að fyrirtækið Fjarðarlax hyggst koma sér upp fódurstöðvum fyrir fiskeldiskvíar í Fossfirði og á Patreksfirði: Áætlun er um fódurstöð við Naust í Dufansdal á svæði gamallar námu við sjóinn. Einnig er áætlun um að á Hlaðseyri fyrir neðan Barðastrandaveg og Þúfnaeyri í Patreksfirði verði líka fódurstöð. Einnig felur breytingin í sér að urðunarsvæði er áætlað í Vatneyrarhlíðum vestan við þéttbýlið á Patreksfirði.

Urðunarsvæði

Urðunarsvæðið í Vatneyrarhlíðum er staðsett rétt vestan við þéttbýlið Patreksfjörð. Urðunarsvæðið er 4 ha að stærð. Í umfjöllun um urðunarsvæðið kemur fram að í nýju starfsleyfi verði sótt um leyfi fyrir urðun á byggingarúrgangi, móttöku á brotajárni og geymslu á garðaúrgangi. Skv. upplýsingum frá Heilbrigðisefirliti Vestfjarða er heimilissorp urðað að Fíflholti. Flokkað sorp er flutt til Sorpu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í breytingartillögunni hver meðhöndlun á heimilissorpi verður.

Fjarlægð frá byggð

Í 12 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs sem fjallar um staðarval urðunarstaða segir: „Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks en sem nemur 500 metrum.“

Í tillögu að breytingu að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2018 þarf að mati Umhverfisstofnunar að koma skýrt fram hver vegalengdin er frá íbúðarbyggð að urðunarstaðnum.


Fóðurstöðvar


Gert er ráð fyrir fóðurstöðvum á tveim stöðum í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2018. Staðsetning fóðurstöðvanna er áætluð við Naust og Hlað í Dufansdal í Fossfirði. Einnig er gert ráð fyrir fóðurstöðvum á Hlaðseyri og Þúfneyri í Patreksfirði. Lóðirnar eru á bilinu 3-4000m² að stærð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í umhverfisskýrslu breytingartillögunnar hvernig fráveitu frá fóðurstöðvum verði háttáð. Einnig er mikilvægt að fram komi hvernig hráefni í fóður verði notað, og hvort meðhöndla eigi slóg í fóðurstöðvunum. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að koma fram í umhverfisskýrslu hvar urða á sýktan og dauðan fisk úr fiskeldiskvíum.

Fjarlægð frá strönd

Þar sem fóðurstöðvar eru staðsettar á sjávarbakka vill Umhverfisstofnun benda á skipulagsreglugerð gr. 4.15.2 vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

